

Fimmtudagurinn 11. desember 1997 kl. 12:30

102. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 49/1997

**Staðfesting á bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar
nr. 2/1997 frá 18. nóvember 1997
Nýtt tímabundið tilboð Pósts og síma hf.
á farsímum til félaga í FÍB**

I.

Málavextir og niðurstaða

1.

Í kjölfar ákvörðunar nr. 41/1997, tilboð Pósts og síma hf. á farsímum og farsímaþjónustu til félaga í FÍB, barst Samkeppnisstofnun bréf frá forstjóra fyrirtækisins, dags. 14. nóvember sl. Þann 17. nóvember sl. var síðan haldinn fundur með starfsmönnum Samkeppnisstofnunar og lögmanni Pósts og síma, Andra Árnasyni hrl., að ósk þess síðarnefnda.

Í fyrirnefndu bréfi og á fundinum kom fram að Póstur og sími hafi dregið til baka tilboð félagsins á farsímum og farsímaþjónustu til félaga í FÍB sem fjallað er um í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 41/1997. Ennfremur kynnti Póstur og sími fyrir Samkeppnisstofnun nýtt tilboð félagsins á farsímum og farsímaþjónustu til félaga í FÍB. Með vísan til fyrirnefndrar ákvörðunar er þess óskað að samkeppnisyfirvöld taki afstöðu til þess hvort hið nýja tilboð sé skaðlegt samkeppni.

Lögmaður Pósts og síma hf. hefur upplýst Samkeppnisstofnun um að forsenda hins nýja tilboðs til félaga í FÍB sé sú að verð þeirra þátta sem í tilboðinu felast endurspegli kostnaðinn við þá. Ekki verði um undirverðlagningu að ræða. Fyrir Samkeppnisstofnun hafa verið lagðir útreikningar sem ætlað er að sýna framanritað. Ennfremur hefur verið upplýst að ákvæði í kaupsamningum sem skuldbatt kaupendur, samkvæmt fyrra tilboði, til að eiga aðeins viðskipti við farsímakerfi Pósts og síma hf. í tvö ár verði ekki í hinu nýja tilboði. Tilboðinu er ætlað að gilda út nóvembermánuð 1997.

2.

Samkvæmt þeim gögnum sem Samkeppnisstofnun hefur verið kynnt og þeim forsendum sem fram hafa verið settar er það mat stofnunarinnar að hið nýja tilboð Pósts og síma hf. til félaga í FÍB feli ekki í sér misnotkun fyrirtækisins á markaðsráðandi stöðu þess og sé ekki skaðlegt samkeppninni á markaðnum í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

II.

Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga heimilar Samkeppnisstofnun Pósti og síma hf. að bjóða það sem felst í nýju tilboði á farsímum og farsímaþjónustu til félagsmanna FÍB sem gilda á út nóvember 1997 með þeim skilmálum og kjörum sem kynnt hafa verið Samkeppnisstofnun.“